



Reykjavíkurborg

Leið til málörvunar og læsis með Lubba

málhljóð íslenskunnar - hagnýtur orðaforði - félagsleg boðskipti -

lagður grunnur að lestri og ritun

haust 2015 til vors 2017



Höfundar: Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur, Gerður Guðmundsdóttir kennari,
Kolbrún Petra Sævarsdóttir kennari, Margrét Valgerður Pálsdóttir þroskajálfri, Silja
Jóhannsdóttir talmeinafræðingur

Efnisyfirlit	bls.
Inngangur og markmið	3
Aðstæður og hugmyndafræði	4
Umgjörð þróunarstarfsins	6
Skipulag, umfang og framkvæmd	7
Útfærsla og aðkoma talmeinafræðinga	8
Meðvindur og mótvindur	11
Niðurstöður og gagnsemi fyrir aðra	12
Greinargerð um notkun styrkfjár	14
Heimildaskrá og fylgiskjöl	15

1 Inngangur

Erla Gunnarsdóttir, þáverandi skólastjóri Klettaskóla, hafði frumkvæði að verkefninu vorið 2015. Í greinargerð Erlu með umsókn kom m.a. fram að allir nemendur skólans ættu í erfiðleikum með mál og tal og þyrftu því öfluga kennslu á því sviði. Það þyrfti að efla kennsluna, gera hana sýnilegri og kerfisbundnari með mælanlegum markmiðum. Sjónum var beint að efninu LUBBI FINNUR MÁLBEIN ásamt HLJÓÐASMIÐJU LUBBA sem talmeinafræðingarnir Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir hafa þróað út frá þekkingu sinni og áralangri reynslu af vinnu með börnum með fjölbreytilegan vanda á sviði máls, tals og boðskipta. Efnið helst að miklu leyti í hendur við tjáskipamátann TÁKN MEÐ TALI sem hefur verið hluti af málumhverfi skólans um langt skeið. Erla getur þess jafnframt í greinargerðinni að skólinn hafi með höndum ráðgefandi hlutverk fyrir aðra skóla á landinu með svipaðan markhóp og því mikilvægt að skólinn sé í fararbroddi og vinni þróunarverkefni af þessu tagi.

Lagt var upp með eftirfarandi markmið:

- **Tileinkun íslensku máhljóðanna** með stuðningi táknrænna hreyfinga Lubba. Lubbatáknin ýta undir hljóðmyndun barna, með því tengjast upplifunum þeirra og reynsluheimi, og þar með þróun talmáls
- **Áhersla á hagnýtan orðaforða** sem styður við félagsleg boðskipti og hefur ávinning fyrir barnið í daglegum samskiptum. Hér er byggt á tækifærum sem endurtekningin skapar í daglegri rútínu barnsins
- **Lagður grunnur að lestri og ritun:** hljóða-stafa þekking, hljóðtenging, lestur og ritun einfaldra orða og setninga
- **Meira og skýrara tal:** Hreyfitákn Lubba tvinnuð saman við tjáskiptamátann Tákn með tali (Lubbatækni)
- **Skipuleg vinnubrögð** – sýnileiki og mælanleg markmið
- **Lifandi og skapandi nálgun** – leitast við að skapa tækifæri þvert á skólastarfið

2 Aðstæður og hugmyndafræði

Aðstæður

Eins og fyrr getur er Klettaskóli sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun og viðbótarfatlanir og búa allir nemendur við einhvern vanda á sviði máls, tals og félagslegra boðskipta, allt eftir eðli fötlunar.

Hugmyndafræði að baki verkefninu

Hugmyndafræðin sem unnið var út frá er einkum tvíþætt. Annars vegar *Hljóðanám í þrívídd* sem er hugmyndafræðilegur grunnur Lubbaefnisins (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014) og hins vegar hugmyndafræði úr smíðju *Hanen Centre* í Kanada (hanen.org) sem er leiðandi stofnun á alþjóðavísu í rannsóknum, námskeiðahaldi og útgáfu fræðsluefnis sem eflir fagfólk og foreldra í beitingu markvissrar íhlutunar sem tekur til málþroska, félagslegra boðskipta og nú síðast undirstöðupátta læsis, þegar börn með þroskahömlun, einhverfu og fleiri raskanir eiga í hlut (Weitzman, E. og Greenberg, J., 2010).

Hljóðanám í þrívídd byggir á samþættingu skynleiða, eða svokallaðri fjölskynjun, sem líkja má við að börnin nemi málhljóðin í þrívídd. Málhljóðin eru tengd upplifun sem auðveldar börnunum að tileinka sér þau. Með samþættingu heyrnar- og sjónskyns, ásamt hreyfi-/snertiskyni, verða hljóðin nánast áþreifanleg. Sérstaða nálgunarinnar er að notuð eru tákni og táknrænar hreyfingar til stuðnings við hljóðmyndun. Fyrirmyndin er sótt í smíðju tjáningarmátans *tákna með tali* (TMT) sem ætlaður er heyrandi börnum með mál- og talörðugleika.

Táknrænu hreyfingarnar gera börnum kleift að vista hljóðið sem „hljóðmynd“ í minni. Þannig geta þau kallað hljóðið fram í huganum og „heyrt“ það með stuðningi sjón- og hreyfi-/snertiskyns. Með þessu móti er stuðlað að aukinni vitund barnsins og næmni fyrir eiginleikum og sérkennum hvers málhljóðs fyrir sig. Með því að tengja hljóðið við táknrænu hreyfinguna er auðvelt að læra það og muna, sbr. dæmin hér að neðan.

Táknrænar hreyfingar sérhljóðanna gefa til kynna tilfinningar eða líðan. Dæmi:

/a/ vera góður

/á/ meiða sig

/ó/ hræddur, hætta á ferð

Táknrænar hreyfingar samhljóðanna sýna ýmsar athafnir. Dæmi:

/f/ fiðrildið flögrar

/g/ hænna gaggar

/p/ poppið poppar

Skemmtilegar vísur um hvert málhljóð úr smíðju Þórarins Eldjárns, sem sungnar eru við kunnugleg lög, höfða vel til barna og ná athygli þeirra. Þess má geta að nemendur Klettaskóla almennt hafa mikið yndi af söng og læra gjarnan best þegar unnt er að tengja söng við viðfangsefni sem unnið er með.

Fjárhundurinn Lubbi leiðir börnin áfram í hljóðanáminu og þau leiðbeina honum í leit sinni að málbeinum fyrir hvert málhljóð. Þau kynnast jafnframt bókstöfunum, tengja þá saman og raða í stök orð og einfaldar setningar sem þau hljóða sig í gegnum. Lögð er áhersla á að flétta þekkingu á náttúru Íslands og staðháttum inni námið og eru málbein Lubba falin víðs vegar um landið. Í Handbók sem fylgir Hljóðasmiðjum Lubba, 1-4, er að finna ítarlega lýsingu á innihaldi og möguleikum sem efnið býður uppá (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014).

Þátttakendur

Kolbrún Petra Sævarsdóttir, kennari og verkefnisstjóri

Gerður Guðmundsdóttir, kennari

Margrét Valgerður Pálsdóttir, þroskapijálfi

Þuríður Elfa Jónsdóttir, kennari (til hausts 2016)

Utanumhald og fagleg ráðgjöf


Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur

Silja Jóhannsdóttir, talmeinafræðingur

3 Umgjörð þróunarstarfsins

Vinnurammi þróunarstarfsins tók mið af aðferðum hagnýtra starfendarannsókna, á ensku Proactive Action Research (Schmuck. R. A., 1997). Þá er unnið samkvæmt skilgreindum skrefum sem mynda breytingaferli. Sjá skýringarmynd neðan við lýsingu á skrefum.

- Skref 1 Innleidd ný vinnubrögð – Notkun á Lubbaefni/Hljóðanám í þrívídd
- Skref 2 Tekið mið af væntingum og áhyggjuefnum innan hópsins
- Skref 3 Aflað gagna í kennslu á fjölbreyttan hátt (upptökur, skráning)
- Skref 4 Farið yfir gögn og þau rædd og túlkuð
- Skref 5 Hugleitt hvað mætti geta betur / öðruvísi



Farið var tvisvar sinnum í gegnum allt ferlið, einu sinni á hvoru skólaári sem þróunarstarfið tók yfir.

4 Skipulag, umfang og framkvæmd

Formlegir fundir voru haldnir reglulega í tengslum við verkefnið. Kennarar, þroskaþjálfar og talmeinafræðingar í þróunarteyminu funduðu fimmtán sinnum frá október 2015 - júní 2017 auk þess sem haldnir voru óformlegri fundir þess á milli. Framvindan er rakin í grófum dráttum hér að neðan.

Í upphafi þróunarstarfsins sótti hópurinn Lubbanámskeið sem haldið var á Grand Hótel að hausti 2015. Þar var hluti hópsins að kynna sér námskefnið í fyrsta sinn. Segja má að námskeiðið hafi markað upphaf þróunarstarfsins. Margrét Valgerður Pálsdóttir og Kolbrún Petra Sævarsdóttir fóru svo aftur á námskeið haustið 2016 og voru þá með kynningarbás um Lubbastarfið í Klettaskóla. Á því námskeiði var jafnframt fjallað stuttlega um þróunarstarfið (hluti af innleggi Eyrúnar) og sýndar lýsandi myndir frá starfinu með nemendum.

Í maí 2016 fór hópurinn í heimsókn í Leikskólann Jötunheima á Selfossi til að kynna sér það fjölbreytta og skapandi starf sem þar hefur verið unnið á grunni Lubbaefnisins. Þá um vorið kynnti hópurinn þróunarverkefnið fyrir starfsmannahópi Klettaskóla og fór yfir framvindu fram að þeim tíma. Var því innleggi mjög vel tekið.

Í desember sama ár var haldin kynning í Klettaskóla fyrir foreldra fókusnemendanna¹ er tóku þátt í þróunarverkefninu.

Á vorönn 2017 var haldið svokallað Lubbanámskeið fyrir kennara og þroskaþjálfara á yngsta stigi skólans. Einnig sátu námskeiðið nokkrir starfsmenn af eldri stigum skólans enda nýtist efnið breiðum aldurshópi nemenda. Fjallað var um hugmyndafræðina að baki Hljóðasmiðju Lubba, sýnd fjölbreytt dæmi um notkun efnisins og gerðar verklegar æfingar. Kennari var Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur.

Kolbrún, Margrét og Gerður, ásamt og sjö öðrum kennurum og þroskaþjálfum skólans, sátu í vinnuhópi, svokölluðu Lubbateymi, sem vann að ýmis konar verkefnagerð, s.s. hljóðakössum og hljóðalottói, er tengdist þróunarstarfinu. Lubbateymið hélt síðan kynningu fyrir starfólk skólans þar sem verkefni teymisins voru kynnt og ræddar ýmsar hugmyndir og fletir sem upp komu í samvinnunni.

¹ Um er að ræða þá nemendur sem tengdust hvað mest verkefninu.

5 Útfærsla og aðkoma talmeinafræðinga

Tveir talmeinafræðingar komu að þróunarverkefninu. Hlutverk þeirra var m.a. að hitta þau börn sem valin voru í fókushópinn og meta stöðu þeirra hvað varðar tileinkun íslensku málhljóðanna og hljóðanotkun. Notast var við Málhljóðapróf ÞM (Þóra Másdóttir, 2014) sem metur stöðu í tileinkun íslensku málhljóðanna. Prófið er staðlað á íslenskum börnum og gefur mjög góða yfirsýn yfir þau hljóð sem barnið hefur náð tökum á auk þeirra hljóða sem það á eftir að tileinka sér.

Fyrirlögn prófa fyrir nemendur í Klettaskóla getur reynst erfið og í sumum tilfellum þarf að grípa til annarra leiða þar sem ekki tekst að leggja fyrir próf á hefðbundinn hátt. Í þeim tilfellum notast talmeinafræðingarnir við óhefðbundna fyrirlögn eða svokallað klínískt mat. Í því felst að upplýsingum um hljóða- og orðanotkun barnsins er safnað í gegnum þjálfun eða leik og hljóðmyndun skráð jafnóðum. Einnig miðla foreldrar/forráðamenn og kennarar upplýsingum um þau hljóð, orð og/eða setningar sem barnið notar hvað mest í daglegum aðstæðum. Skráning talmeinafræðings ásamt listum frá foreldrum og kennurum gefur góða yfirsýn yfir hljóð sem barnið hefur náð tökum á. Notkun Málhljóðaprófsins og ítarleg skráning á hljóðanotkun gefur færi á skýrum markmiðum fyrir hvert og eitt barn. Auk þess eru markmiðin mælanleg sem gefur kost á að fylgjast með framvindu í hljóðamyndun.

Fyrir þróunarverkefnið útbjuggu talmeinafræðingar sérstakt skráningarblað á hljóðanotkun. Á skráningarblaðið eru skráð þau hljóð sem barnið getur myndað og sem það sýnir byrjandi getu í:

Þróunarverkefni Lubba – skráning, áherslur, efni og útfærsla

Nafn: _____ Bekkur: _____ Dagsetning: _____
Kennitala: _____ Aldur: _____ Umsjón: _____

Skráning á hljóðanotkun:

Hljóðflokkar Hljóðaregnbogi Lubba	Stök málhljóð X = nær málhljóði / = byrjandi geta
Nefhljóð	m ☐ . . . n ☐ . . . hn ☐ .
Lokhljóð	b ☐ . . . d ☐ . . . g ☐ . . . p ☐ . . . t ☐ . . . k ☐ . . .
Önghljóð	j ☐ . . . h ☐ . . . v ☐ . . . f ☐ . . . ð ☐ . . . þ ☐ . . . s ☐ . . . hj ☐ . . . mjúka g ☐ . . .
Hliðarhljóð	l ☐ . . . hl ☐ . . .
Sveifluhljóð	r ☐ . . . hr ☐ . . .
Sérhljóð	a ☐ . . . e ☐ . . . i ☐ . . . o ☐ . . . u ☐ . . . æ ☐ . . . ö ☐ . . . á ☐ . . . ei ☐ . . . í ☐ . . . ó ☐ . . . ú ☐ . . . au ☐ . . .

Áherslur í hljóðmyndun:

Út frá niðurstöðum Málhljóðaprófsins og/eða klínísku mati velja talmeinafræðingarnir áherslur og markmið yfir þau málhljóð sem unnið skal með og forgangsraða. Talmeinafræðingar yfirfara skráningarblaðið með kennurum og veita ráðleggingar varðandi málhljóðavinnu. Áhersluhljóðin eru ekki eingöngu æfð ein og sér því þau eru einnig tengd við orð og setningar sem innihalda viðkomandi áhersluhljóð. Lögð er áhersla á að orðin/setningarnar þjóni hagnýtum tilgangi, tengist félagslega viðeigandi boðskiptum og hafi þannig félagslegan ávinning fyrir barnið. Ásamt því að æfa viðkomandi hljóð á hefðbundinn hátt undir leiðsögn talmeinafræðings þjálfast barnið einnig í að nota viðkomandi málhljóð í daglegum, reglubundnum aðstæðum – sem er ástæða þess að áhersluorð og setningar eru valin. Þetta gefur kost á endurtekningu og betri líkum á að málhljóðið yfirfærist. Áhersluorðin og -setningarnar eru valin í samráði við kennara og foreldra/forráðamenn bæði til að reyna að komast til móts við óskir um innlögn á nýjum orðum og einnig til að finna orð/setningar sem henta hverju og einu barni. Sjá mynd hér að neðan með dæmi um útfyllt skráningarblað með markmiðum og áherslum:

Skráning á hljóðanotkun:

Hljóðflokkar Hljóðaregnbogi Lubba	Stök málhljóð X = nær málhljóði / = byrjandi geta
Nefhljóð	m ☒ . . . n ☒ . . . hn ☐ .
Lokhljóð	b ☒ . . . d ☒ . . . g ☒ . . . p ☒ . . . t ☒ . . . k ☒ . . .
Önglhljóð	j ☒ . . . h ☒ . . . v ☒ . . . f ☒ . . . ð ☒ . . . þ ☒ . . . s ☒ . . . smámeit
Hliðarhljóð	l ☒ . . . hl ☒ . . .
Sveifluhljóð	hr ☒ . . .
Sérhljóð	a ☒ e ☒ i ☒ o ☒ u ☒ æ ☒ ö ☐ á ☒ ei ☐ í ☒ ó ☒ ú ☒ au ☒

Áherslur í hljóðmyndun: -Athkræði, áhersla.

☐ /v/ - styrkja

☐ /ð/

styrkja → /s/ - "brósaði s" til að halda tungu á bak við framtönnur. /s/ inni í orðum: þessa, lesa, hissa, þessa, stíva, sól, sund

☒ /r/ - mjúkt r

☐ Fjólakvæða orð (töknrænar hraufingar til stuðnings).

Áhersluorð / setningar (venjubundnar daglegar athafnir, félagsleg/viðeigandi boðskipti – sbr. Lubbahandbók bls.35)

- ☐ Biðja um hlut, athöfn, leik (má ég fá...)
- ☐ Mótmæla/neita (ég vil ekki...)
- ☐ Leita eftir athygli (sjáðu, komdu...)
- ☐ Tjá tilfinningar og áhuga (gaman, skemmtilegt, leiðinlegt...)
- ☐ Heilsa, kveðja og þakka fyrir (hæ, halló, bæ, bless, góðan dag, takk fyrir mig...)
- ☐ Nefna (orðaforði)
- ☐ Lýsa/lýsandi hugtök (tala um lit, stærð, fjölda...)
- ☒ Svara spurningum (hvað, hver, hvar/hvert, hvenær) → *Langja setningar (þ.e. hvetja til að svara með mál hlíðar setningar)*
- ☒ Spyrja spurninga (hvað, hvar, hver, hvenær)
- ☒ Útskýra (hvers vegna/af hverju, hvernig) - "Af því að..." *Dæmi: "Þetta er hús" í stað þess að segja "hús"*
- ☒ Segja frá (upphaf, endir, atburðarás)

Upphrópanir (há, vá, vei)

Talmeinafræðingar lögðu drög að hagnýtum orðaforðalista sem er hugsaður í hagnýtum tilgangi þegar velja á orð til að vinna með hverju og einu barni. Listinn inniheldur algengan orðaforða yfir það helsta sem við kemur daglegu lífi. Hann er enn í vinnslu og fyrirhugað er að bæta við listann setningum sem þjóna félagslegum tilgangi fyrir barnið. Hér að neðan má sjá sýnidæmi af orðaforðalistanum:

Hagnýtur orðaforði - töluð orð og tákn (sýnidæmi)

*listi í vinnslu

Persónur / fornöfn	Sagnorð / athafnir	Lýsingarorð	Nafnorð	Líkamshlutar	Dýrin
fjölskylda	baða	á bak við	appelsínugulur	bleyja	api
frændfólk	baka	á milli	blár	bolur	bangsi
vinir	bíða	aumur	bleikur	buxur	dýr
nemendur og starfsfólk	borða	blautur	brúnn	húfa	fiðrildi
ég	brosa	duglegur	fjólublár	inniskór	fill
þú	bursta (tennur)	frískur	grænn	jakki	hönd
við	detta	fullur	grár	kjöll	magi
hann	drekka	fyrir framan	gulur	náttföt	munur
hún	elda	gláður	hvítur	nærföt	nafli
þau	fagna	góður	rauður	peysa	nef
minn/mín/mitt	fara út	grimmur	svartur	pils	putti
þinn/þín/þitt	flissa	hættulegur		pollagalli	tunga
hans/hennar	gefa	harður		rennilás	tönn
þeirra/okkar	gjörðu svo vel	heitur		skór	varir
	gráta	hissa		skyrta	hundur
	heimsækja	hræddur		smekkur	kanína
	hjálpa	hugsi		sokkabuxur	kind
	hjóla	kaldur		sokkar	kisa
	hlaupa	leiður / dapur		stígvél	kónguló
	hlusta	litill		trefill	krókódill
	klæða sig í / úr	margir		úlpa	kýr
	koma	mjúkur			lamb
	kúka	niður / niðri			ljón
	kyssa	ömurlegur			mús
	labba / ganga	reiður			önd
	læsa	saddur			svín

Áframhaldandi vinna með listann mun án efa skapa nýjar hugmyndir sem þróa má með það að leiðarljósi að styðja við og auka hljóðanotkun og tal barnsins.

6 Meðvindur og mótvindur

Eins og búast má við voru tálmar í verkefnavinnunni og ýmislegt hefði mátt gera betur. Við hefðum viljað hafa meira svigrúm til dýpri vinnu og endurgjafar og við náðum ekki alltaf að einbeita okkur eins vel að þróunarstarfinu og við vildum. Margt spilaði þar inn í en það má til dæmis nefna að við sem tókum þátt í þróunarverkefninu vorum lítill hluti starfsmanna skólans og það hvíldi því á fáum herðum að bera út boðskapinn. Hluti starfsmanna hafði sínar efasemdir um Lubbanámsefnið og hugmyndafræðina sem gerði það að verkum að minni almennur stuðningur var við verkefnið en ella. Einnig greindum við óöryggi starfólks sem hamlaði því að nota efnið ef við vorum ekki til staðar. Þá hafði mannekla stundum í för með sér að hliðra þurfti til og ekki mögulegt að bjóða upp á kennslu í smáum hópum. Við unnum einnig allar hver í sínum bekk svo okkur fannst við oft á tíðum einangraðar í vinnunni. Það hefði verið betra ef fleiri en einn fagmaður úr hverjum bekk hefði tekið þátt í verkefninu þar sem þá hefði skapast betri umræðugrundvöllur og samvinna. Eins má nefna að erfitt var fyrir okkur að finna tíma þar sem allar gátu mætt til að bera saman bækur, veita endurgjöf og koma af stað hugmyndaflæði.

Þrátt fyrir þessa annmarka erum við sammála um að verkefnið hafi verið lærdómsríkt og eflt bæði nemendurna og okkur sem kennara/þroskaþjálfra. Þessi reynsla hefur útvíkkað skilning okkar á hljóðanámi og lestrarkennslu og mun verða okkur gott veganesti. Við höfum fengið innblástur til að þróa starfið og munum halda ótrauðar áfram við að útbúa námsgögn í samráði við Lubbateymið. Mikilvægt er að undirstrika hve vel og staðfastlega stjórnendur skólans studdu við bakið á okkur þátttakendum í þróunarstarfinu, frá upphafi til enda, sem skipti sköpum.

7 Niðurstöður og gagnsemi fyrir aðra

Það er engin spurning að verkefnið hefur nýst vel þeim börnum sem voru í fókushópnum en þau hafa tekið framförum í að þekkja og mynda hljóðin sem unnið var með. Þau hafa öðlast ákveðna leikni í notkun Lubba-táknanna og átta sig betur á tengslum máhljóða og viðkomandi bókstafa. Börnin fengu aukna athygli, tíma og hvatningu frá kennurum á meðan á verkefninu stóð sem hefur án efa aukið sjálfstraust þeirra í námi og stuðlað að framförum. Þeir nemendur sem tóku þátt í verkefninu virtust allir njóta Lubbatímanna og efnið höfðaði vel til þeirra.

Við kennararnir/þroskaþjálfari erum sammála um að verkefnið hafi haft í för með sér aukið aðhald í starfi og hvatt okkur til að leggja meira af mörkum við vinnu okkar. Við höfum öðlast færni í notkun á hljóðasmiðjunum og jafnframt útbúið nýtt efni. Eins fengum við aukið svigrúm til einstaklingsmiðaðrar kennslu þar sem námsefnið var aðlagð að hverjum og einum nemanda. Við fengum þannig tækifæri til að kafa dýpra í efnið og vorum enn betur í stakk búna til að kenna efnið í stærri hópum. Aðrir nemendur bekkjanna nutu þannig góðs af sérstökum Lubbatímum þar sem hljóðasmiður og sérútbúið efni var nýtt. Kennslan fór einnig fram í smáum hópum sem samanstóðu af fókusnemanda auk eins eða tveggja útvalinna nemenda sem efnið þótti höfðað til. Þannig áttu nemendurnir oft í skemmtilegum samskiptum í kennslustundum sem einkenndust af leikgleði.

Við vorum í auknu samstarfi við foreldra fókusbarnanna á meðan á verkefninu stóð og þeim var gefinn kostur á að fylgjast með framvindu námsins. Þetta samstarf reyndist mjög vel og foreldrar lýstu yfir ánægju þegar þau sáu hversu vel börnunum miðaði. Foreldrar fengu þannig aukna innsýn og gátu, beint eða óbeint, stutt við nám barnanna. Einna árangursríkast í eflingu á foreldrasamstarfinu var sérstakur kynningarfundur þar sem þróunarverkefninu voru gerð skil. Þá fengu foreldrar að kynna Lubbaefninu og hugmyndafræðinni á bak við það. Einnig voru sýndar upptökur úr kennslustundum og dæmi um notkun á efninu.

Haustið 2016 var skipaður teymishópur sem samanstóð, auk okkar þriggja, af sjö kennurum og þroskaþjálfum við skólann. Hlutverk teymishópsins var að styðja við innleiðingu Lubbaefnisins. Teymið varð til þess að fleiri tileinkuðu sér notkun efnisins og við í þróunarstarfinu gátum deilt reynslu okkar og þekkingu. Í framhaldi af umræðum og vangaveltum tókum við höndum saman við að útbúa verkefni sem gagnast geta breiðum nemendahópi innan skólans. Einnig má nefna að teymið hefur haldið tvær kynningar á starfsmannafundum þannig að sem flest starfólk skólans ætti að hafa öðlast einhverja innsýn í efnið og notkun þess. Klettaskóli er ráðgjafarskóli og okkar von og trú er að þekking okkar á efninu og það námsefni sem við höfum útbúið geti einnig gagnast nemendum og kennurum annarra skóla.

Mat talmeinafræðinga er að verkefnið hafi stuðlað að aukinni þverfaglegri samvinnu milli kennara, þroskaþjálfara og talmeinafræðinga auk foreldra. Samvinnan stuðlaði að markvissari

Reykjavík 15.06.2017

upplýsingaöflun og skráningu á stöðu barnsins ásamt nánara samráði um val áherslna sem styðja við boðskiptafærni barnsins heima og í skóla.

8 Greinargerð um notkun styrkfjár

Með styrkveitingunni var mögulegt að greiða okkur kennurunum og þroskaþjálfra sem stóðu að verkefninu launagreiðslu fyrir þá aukavinnu sem við lögðum á okkur fyrir verkefnið. Þar má einnig nefna ferð sem farin var á Selfoss til að heimsækja leikskólann Jötunheima. Hluti af styrknum var notaður til að greiða fyrir námsgögn, *Hljóðasmiðjur Lubba og Lubbi finnur Málbein* bækur og mynddiska.

Heimildaskrá

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein. Íslensku málhljóðin sýnd og sungin*. Reykjavík: Mál og menning/Forlagið.

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir (2014). *Hljóðasmiðja Lubba: Handbók*. Reykjavík. Höfundar.

Schmuck, R.A. (2009). *Practical Action Research for Change*. Illinois. IRI/SkyLight.

Weitzman, E. og Greenberg, J. (2010). *ABC and Beyond: Building Emergent Literacy in Early Childhood Settings*. Toronto: The Hanen Centre.

Þóra Másdóttir. (2014). *Málhljóðapróf PM*. Reykjavík: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Fylgiskjöl

Myndabók/gagnabók úr þróunarstarfinu

Fylgiskjal með myndabók/gagnabók